MÁLVERKASÝNING

EGGERT GUÐMUNSSON

11. MAÍ - 26. MAÍ

KJARVALSTÖÐUM


Eggert



1974

SÝNING ÞESSI ER FRAMLAG MITT TIL ÞJÓÐHÁTÍÐAR

Eggert Guðmundsson



ÞANKAR LISTAMANNS

Sönn list - erfið spurning og þarf nokkurn umhugsunartíma til svarsins. Mér er nær að halda að öllum þeim starfandi listamönnum, sem lifa meðal okkar, séu aðeins fáir, sem raunverulega hafa ígrundað þessa spurningu. Í flestum tilfellum er myndlistin framleidd til þess að vera verzlunarvara, eða annar gjaldmiðill til afkomuþarfa allri listsköpun til tjóns og skaða og fjarlægir það hana frá uppruna sínum og eðli.

Trúverðugur og sannur listamaður hefur helgað allt líf sitt ábyrgðarmikilli köllun og þjónustu í þágu lífs síns, ræki hann listsköpun sína trútt þá er hann aðeins verkfæri duldra afla, milliliður, túlkun á dulmáli sköpunarinnar. Verk hans verða því skýringamyndir í þágu framvindunar.

Það segir sig því sjálft, að ábyrgð hans er mikil. Listamanninum er því nauðsynlegt að hafa innsæishæfileika inn á hin duldu svið tilverunnar. Þegar honum hefur tekist að þjálfa sig í dulskyggni, er honum létt að nálgast áhrif alvitundarinnar, þar með getur hann hlaðið verk sitt orku og það er einmitt þessi dulda orka sem gerir verk hans að listaverki.

Áhrif listaverks verða af fáum greind eða skilin, því að þau eru dulræn. Hin ýmsu form liststefnunar geta á engan hátt ráðið um tilkomu eða sköpun listaverks, það er á ábyrgð listamannsins að velja verki sínu tjáningarform.

Ég er á þeirri skoðun að listin eigi að þjóna fegurðinni eða öðrum þeim öflum,

sem byggja okkur upp undir æðri lífstakmörk. Sönn list á það sammerkt með ástinni og góðleikanum að teljast til andlegra hneigða eða kennda sem ekki verða flokkuð undir efnisheiminn eða jarðnesk form. Listin mun eiga rætur sínar í sjálfri guðstilfinningunni. Að vísu er listin færð í sinn efnislega búning, samanber mynd - en myndin er hið jarðneska tjáningaform listarinnar, sem sagt, sál listarinnar fær sinn jarðneska eða myndræna líkama. Listaverk er gætt anda sem er jafn dularfullt og mannssálin, enda verkar sál listaverks sálrænt á aðdáanda sinn og hann nýtur áhrifa verksins í tilfinningum sínum.

Spurning: Hvað veldur því að listamenn bera oft kala til starfsbræðra?

Svar- Ég tel að vart sé hægt að kalla þá stóra listamenn, sem þykjast vera öðrum stærri, enda eru þeir sem svo hugsa smærri, þröngsýnni og ómildari í dómum um starfsbræður sína og byggist það oftast nær á öfund og þekkingarleysi.

Afkomuþörf listamanna hefur oft orðið undirrót ills umtals og gjörða. Það er neðan við virðingu góðs listamanns, að taka dómsvald yfir starfsbróður sínum.

Spurning: Hvað um innkaup á Listasafn ríkisins?

Svar- Það má ekki góðri lukku stýra, þegar lýðræðisríki lætur ýmsar klíkubundnar einræðisstefnur ráða lögum og lofum undir verndarvæng sínum. - Þannig er þó ástatt í listmálum þjóðarinnar í dag. Það ríkir algjört einræði í öllum innkaupum listaverka til Listasafns ríkisins. Það er framkvæmt undir eftirliti listaráðs, fulltrúa menntamálaráðherra ásamt safnstjóra Listasafnsins. Fólk þetta misnotar aðstöðu sína . Það er vítavert að það opinbera skuli ekki vera búið að taka í taumana. Misrétti það sem

mörgum listamönnum er boðið upp á sem ekki eiga upp á pallborðið hjá þessu valdafólki sæmir ekki okkar lýðfrjálsa landi.

Spurning: Hvað um liststefnur?

Svar: Þó svo að ýmsir listamenn séu bundnir einhverjum sérstökum stefnum í listtjáningum sínum, er ekki þar með sagt að með stefnur séu neinn afgerandi þáttur um það, að viðkomandi listamenn séu eða hafi einhver sérréttindi, til þess að kallast listamenn. Að vísu krefst listin síns tjáningaforms og tekur þá listamaðurinn alla tiltæka kunnáttu og þekkingu í þjónustu sína, það gerir honum mögulegt að geta tjáð sig frjálst og óhindrað. Þeir listamenn sem gerast þrælar einhverra sérstakra stefna eru oftast nær þröngsýnir ofsatrúarmenn. Listamönnum ber að tjá sig frjálst og óháðir öllum stefnum. Það er listamannanna að skapa sínar eigin stefnur en ekki stefnanna að skapa listamenninga.

Spurning: Hvað segir þú um bandalag íslenzkra listamanna?

Svar: Hvaða tilgang hefur bandalag íslenzkra listamanna, ef listamönnum er meinuð virk þátttaka í samtökunum. Eins og er, nær það ekki tilgangi sínum og ætti ekki að hafa rétt til þess að skreyta sig þessu nafni. Ég tel að bandalagið hefti frjálsa þróun íslenzkrar listar. Meiningin með bandalaginu ætti að vera samstarf allra félaga og frjálsra listamanna í landinu, en svo er það þó ekki. Það má fremur telja að þröngsýnar klíkur misnoti þar rétt sinn og aðstöðu til þess að halda félögum og einstaklingum niðri, sér og sínum til framdráttar. Auðsætt er að öll félög og ófélagsbundnir listamenn ættu að hafa sinn fulla rétt, til þess að vera fullgildir meðlimir.

Okkur er sagt að við lifum í landi, þar sem frjálst lýðræði ríki og eigi að ríkja.

Spurning: Hvað er álit þitt á listdómunum?

Svar: Listdómarinn þarf fyrst og fremst að vera heiðarlegur í öllum sínum störfum og hafa fullkomna þekkingu á því sem hann talar um. Ég legg ekki mikinn trúnað á umsagnir íslenzkra listdómara. Ég veit mörg dæmi þess að listdómum sé hægrætt eftir persónulegum kunningsskap, frændsemi eða þá hvort þessi og þessi sem dæma skal, vinnur verk sín í þeirri stefnu sem viðkomandi dómari viðurkenni. Ég er þeirrar skoðunar að listamenn ættu aldrei að setjast í dómarasæti og oft með óábyrgum orðum fella dóma yfir starfsbræðrum sínum. Þeim ferst síst að dæma, því oftast eru listamenn sjálfselskir einhyggjumenn og tileinka sér einstefnu akstur í listinni, mjög óheppilegir gagnrýnendur.

Spurning: Hvaða stefnu aðhillist þú til tjáninga verka þinna og hvaða þýðingu hafa stefnurnar fyrir listsköpun þína?

Svar: Listamaðurinn á enga samleið með ismum eða stefnum í listsköpun sinni. Ismarnir eru eltifiskar listarinnar, ef svo mætti kalla þá, oft hættulegar afætur og geta orðið allri listsköpun og listamönnum óæskilegir afleiðaðar til ósjálfstæðis. Allar stefnur eru afleiðingar af sjálfstæðum verkum góðra listamanna, sem hafa verið sérstakir og stórbrotnir í sköpun verka sinna. Þei smærri ætla sér að feta í fótspor meistaranna en glata þó stundum um tíma eða alla framtíð sínum eigin eiginleikum. Því miður verður ástríðufullum eltimönnum stefnanna það á, að líta sjálfa sig fríðasta um allt sem við kemur listum, enda sækjast þeir eftir að láta ljós sitt skína og veigra sér ekki við að dómfella sér fullkomnari og

betri listamenn. Nei- sjálfstæður lista maður leggur og brýtur alla isma undir mulningshamri sínum og skapar verk sitt í sinni eigin mynd, samanber fæðingu.

Spurning: Hvernig verður listaverk til?

Svar- Listamaðurinn byggir upp myndræna hugmynd í hugarheimi sínum úr mismunandi áhrifum frá umhverfi sínu- séðu eða heyrðu. Þegar listamaðurinn hefur verk sitt er verkið fullskapað úr hinum ýmsu sameindum og hefur tekið á sig fullkomna mynd, eins og hvert það fóstur sem kemur fullþroskað úr móðurkviði. Náttúran krefst þess að það fæðist, því það er orðið að sjálfstæðri mynd, sem dreyfir áhrifum sínum á umhverfi sitt, sem hver annar einstaklingur. Það má líkja fæðingu listaverks við hverja aðra fæðingu. Sköpunargleði listamannsins getur orðið óstjórnleg eins og gleði móðurinnar, þegar hún lítur afkvæmi sitt að fæðingahríðum loknum.

Það er ekki þrautarlaust að fæða af sér fullkomið listaverk.

Spurnin: Hvaða verk gefa þér mesta gleði í listsköpun þinni?

Svar- Það er enginn vafi á því að það eru verk þau, sem fæðast í mínum eigin hugarheimi, mjög í ætt við ljóðlist. Þar fær sköpunargleði mín að njóta sín óbundin öllum hömlum. Svo hefur athafnalífið eignast sterkan þátt í verkum mínum. Íslenzkt athafnalíf er fullt af mótívum atvikum sem eru bundin óblíðum náttúruhamförum og oft stórkostlegum umhverfum, eru myndræn mótív.

Landslag verður alltaf og hefur verið lífsgjafi íslenzkra listamanna enda úr fögrum fyrirmyndum að velja, bæði ljóss og lita. Það hefur vafalaust borið uppi alla lífsafkomu íslenzkrar myndlistar til þessa.

MYNDASKRÁ

1. GRETTIR OG GLÁMUR
2. VIÐ STEÐJANN
3. AÐGERÐ Í VÖR
4. MYNNI TÁLKNAFJARÐAR
5. FJÖRUBEIT
6. ÖLDUFALDUR
7. NORÐURLJÓSANÓTT
8. Á RJÚPNAVEIÐUM
9. HARMLJÓÐ HAFSINS
10. Í SKINNKLÆÐUM
11. SPÁDÓMURINN
12. SPREKASAFNARAR
13. BLAÐASALAR
14. SNEMMA BEYGIST KRÓKURINN
15. ÞVOTTADAGUR VIÐ HVERINN
16. HVÍTASUNNA
17. ÚTIGANGAR
18. HNATTASUND
19. LJÓSBLIK
20. VORMÁLTÍÐ
21. ÁSTRÖLSK NEGRABÖRN
22. SURTUR Í FÆÐINGU
23. KAMBAN
24. NÓTT
25. BLÁA ÁLFKONAN
26. ÁSTRALKSUR NEGRADANS
27. FYRSTA GOSNÓTTIN - HEKLA
28. Á LEIÐARENDA
29. KÁTIR VORU KARLAR
30. EINN Á FERÐ
31. MIKLABÆJAR - SÓLVEIG
32. VIÐ ÞVOTTAKERIÐ
33. BAÐSTOFUSÖGUR
34. UNGUR MAÐUR
35. VÍG ÞRÁINS
36. Á STRANDSTAÐ
37. VIÐ VATNSPÓSTINN
38. AFTAKA JÓNS ARASONAR
39. RÓÐUR
40. Á HEIMLEIÐ
41. SJÓFERÐARBÆN
42. ÞURKDAGUR Á REIT
43. FISKSALINN
44. SUÐURGÖNGUMENN
45. HÖRPULJÓÐ
46. GAMLA VÖRIN VIÐ KLÖPP
47. ÚR EFTIRLEIT
48. RAUÐMAGAVEIÐI
49. BÁTAR Í NAUSTI
50. FRJÁLST ER Í FJALLASAL
51. ÞVOTTALAUGARNAR
52. LJÓSBÆN
53. BJÖRGUN
54. DÁNARBEÐUR
55. SJÓFERÐABÆN
56. BÖRN AÐ LEIK
57. HÁSETAR
58. BARÁTTUKONA
59. JÖKULFERÐ
60. GUNNARSHÓLMI
61. VORÖLDUR
62. SKÚTUR Á SJÓ
63. HRAUNTRÖLLIN
64. GAMLA NAUSTIÐ Á LÁTRUM
65. PÓSTFERÐ
66.
67.
68.
69.
70.



VERK LÁNUÐ TIL SÝNINGAR

71. VATNSÞRÓIN VIÐ HLEMM
72. VIÐ HAFIÐ
73. BRIMLENDING
74. VÁBOÐI
75. Á KVIKTRJÁM
76. HLÓÐAELDHÚS
77. KRÓNUFJALLIÐ
78. KAUPSTAÐARFERÐ
79. UTAN VIÐ BAÐSTOFUGLUGGANN
80. HEYANNIR
81. FARIÐ TIL SJÁVAR



TEIKNINGAR

82. VÍG ÞRÁINS
83. VÍG ÞRÁINS
84. ÞRÚGUSALI, COLOMBO
85. VATNSSALINN, COLOMBO
86. INDVERSKUR KÚLÍI, COLOMBO
87. ÁSTRALÍUNEGRI
88. VINDLINGURINN OG DAUÐINN
89.
90.
91.



ANDLITSTEIKNINGAR

92. SNÆBJÖRN Í HERGILSEY
93. SÆNSKI GÚSTAF
94. JÓHANNES
95. BÓNDI AF SNÆFELLSNESI
96. GÍSLI SKYGGNI
97. PIPARJÓMFRÚ
98. ÞINGEYSKUR BÓNDI
99. VALDIMAR Í BÓLU
100. EINVARÐUR HALLVARÐSSON
101. SIGRÍÐUR EINVARÐSDÓTTIR
102. DRENGUR



103. STÚLKA
104. HALLVARÐUR EINVARÐSSON
105. HELGI PÉTURS
106. THOR
107. SIGURÐUR FRÁ ARNARHOLTI, SKÁLD
108. SKAGFIRSKUR BÓNDI
109. ÖLDUNGUR
110. ÁSTRALSKUR FARMAÐUR
111. SOFANDI STÚLKA
112.
113.



SÝNINGUNA TILEINKA ÉG KENNURUM MÍNUM:

Stefán Eriksson, myndskeri

Einar Jónsson, myndhöggvari


Richardur Jónsson, myndlistamaður

Hirts, professor, Munchen

Heiman, prófessor, Munchen

Adolf Schinnerer, professor, Munchen


Olaf Gulbrandson, professor, Munchen



Hugleiðing höfundar um skjaldarmerki Íslands — frumsmíð



ÁSA – ÞÓR



BUMMERANG